

Fundargerð

Fimmtudaginn 4.2.2025 var Stjórnarfundur Sorpsamlags Strandasýslu ehf. haldinn á skrifstofu Sorpsamlagsins að Skeiði 3, Hólmavík.

Fundinn sátu fulltrúar Strandabyggðar og Kaldrananeshrepps. Þorgeir Pálsson, Sigríður G. Jónsdóttir frá Strandabyggð og Finnur Ólafsson frá Kaldrananeshreppi og ásamt starfsmönnum Sigurður Marinó Þorvaldsson og Salbjörg Engilbertsdóttir sátu fundinn.

Finnur Ólafsson ritar fundargerð á tölvu.

Fundur settur kl.14:00. Framkvæmdarstjóri Sigurður M. Þorvaldsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Lántaka Sorpsamlagsins
 - a. Minnisblað til Lánasjóðs Sveitarfélaga
 - b. Fjárhagslegt yfirlit
 - c. Skuldastaða við Strandabyggð
2. Samþykkt um sorphirðu í Strandabyggð – til kynningar
3. Önnur mál.

Var þá gengið til dagskrár.

1. Lántaka Sorpsamlagsins
 - a. Minnisblað til Lánasjóðs Sveitarfélaga

Stjórn ákveður í samræmi við minnisblað að óska eftir láni til Lánasjóðs Sveitarfélaga uppá 25.000.000 kr.

Framkvæmdarstjóra og Stjórnarformanni falið verkið.

Borið upp og samþykkt.

- b. Fjárhagslegt yfirlit

Salbjörg fer yfir stöðu, fjárhagslegt yfirlit lagt fram til kynningar.

800
FP PF

c. Skuldastaða við Strandabyggð

Stjórn ákveður að ráðstafa nýju láni til greiðslu skulda.

Borið upp og samþykkt.

2. Samþykkt um sorphirðu í Strandabyggð – til kynningar

Lagt fram til kynningar.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundu slitið kl. 14:50

Figur
Poppus
Sjambur G.D.